

Ed. 240. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 52/1981 og lög nr. 92/1982.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

1. málsg. 6. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. texta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera kr. 14.100 á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Umsjónarnefnd eftirlauna ákveður, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt skal hann, að fengnum tillögum Umsjónarnefndar eftirlauna, ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

2. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 1. málsg. 7. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

3. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 1. málsg. 8. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

4. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 2. og 3. málsg. 13. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

5. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1990.

6. gr.

1. málsg. 21. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1989 greidd sérstök uppbót, þannig að í stað 5 ára meðaltals miðist lífeyrisréttur við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsg. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta a) 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980. b) 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember árin 1981—1984. c) í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

Í stað „árin 1980—1984“ í 2. málsg. 21. gr. laganna komi: árin 1980—1989.

7. gr.

Í stað „árin 1980—1984“ í 22. gr. laganna komi: árin 1980—1989.

8. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. málsg. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram tiltekinn hundradshluta af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1989, sem hér segir:

- a) árin 1980—1984 5%
- b) árið 1985 4%
- c) árin 1986—1989 3%.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárens milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Við endanlegt uppgjör vegna árána 1983—1989 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsg. 25. gr. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

9. gr.

Í stað „sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977“ í 1. málsg. 25. gr. laganna komi: nr. 50/1984.

Í stað „skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum“ í 1. tölulið 1. mgr. 25. gr. laganna komi: skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum árin 1980—1984, 4% árið 1985 og 3% árin 1986—1989.

2. málsg. 25. gr. orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulið 1. málsg. í byrjun hvers árs. Gjaldtagi hins áætlaða framlags árána 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjaldtagar áætlaðs framlags árána 1983—1989 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsg. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og eftirstöðvum svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Pegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1979 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra nr. 97 24. desember 1979. Við setningu laganna var gert ráð fyrir að eftirlaunagreiðslur samkvæmt þeim féllu niður í árslok 1984. Þar sem nú er vart talið hugsanlegt að eftirlaunagreiðslur þessar falli niður án þess að nokkrar frekari ráðstafanir séu gerðar af hálfu stjórnvalda, fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, þeim Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, formanni umsjónarnefndar eftirlauna og Hallgrími Snorrasyni, hagfræðingi, formanni átta manna lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS, að kanna og gera tillögur um fyrirkomulag þessara mála, þegar lög þessi eiga að falla úr gildi. Hafa þeir samið frumvarp þetta og haft við það samráð við átta manna lífeyrisnefndina. Nefndin er samþykkt þeim tillögum, sem gerðar eru með þessu frumvarpi.

Aðdragandi laganna um eftirlaun til aldraðra.

Lögin um eftirlaun til aldraðra nr. 97/1979 leystu af hólmi lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971, en upphafleg lög um þetta efni, nr. 18/1970, voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögunum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það, sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að 3/4 og ríkissjóði að 1/4, en síðan tækju hlutaðeigandi lífeyrissjóðir við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því, að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum lífeyrissjóðanna, var fjárhagsgrundvöllurinn, og því var gert ráð fyrir, að lögin féllu úr gildi í árslok 1984.

Samkvæmt ákvæðum laganna frá 1971 breyttust lífeyrisgreiðslur árlega sem nam breytingu á meðallaunum næstliðinna fimm ára og lífeyrisgreiðslurnar voru því aðeins verðtryggðar að mjög takmörkuðu leyti. Eftir því sem verðbólga færðist í aukana fyrir miðjan síðasta áratug fór því hlutfall lífeyris samkvæmt lögunum og launa hríðlækkandi. Úr þessu var bætt til bráðabirgða með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976 þess efnis, að lífeyrir samkvæmt lögunum yrði verðtryggður þannig að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara aðila kostuðu sameiginlega þá hækkun lífeyris, sem af því hlytist að lífeyririnn breyttist jafnaðarlega til samræmis við launahækkunarir.

Réttindi samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru takmörkuð við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Var sú takmörkun í samræmi við áður nefndan fjárhagsgrundvöll, þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður bar 3/4 hluta útgjaldanna, áður en hinar sérstöku verðtryggingarráðstafanir komu til sögunnar. Þar var enn fremur skilyrði, að hlutaðeigandi verkalýðsfélag hefði komið á hjá sér skylduáðild að lífeyrissjóði, þ. e. að yngri mönnum væru tryggð eigi lakari réttindi en þau, sem lögin veittu hinum eldri. Réttindi vegna tíma eftir að skylduáðild var komið á (yfirleitt frá ársbyrjun 1970), fóru eftir iðgjaldagreiðslum, en til þess tíma var — að ákveðnu marki — miðað við launatekjur, sem gjaldskyldar hefðu talist, ef hlutaðeigandi lífeyrissjóðir hefðu verið starfandi.

Árið 1970 voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda, og í II. kafla þeirra laga voru ákvæði um lífeyrisréttindi til handa öldruðum bændum, svipuð réttindum samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Útgjöld voru borin að hluta af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði. Þá tók lífeyrissjóðurinn frá árinu 1976 á sig útgjöld vegna sérstakrar verðtryggingar, hliðstæðrar þeirri sem kveðið var á um í áður nefndu samkomulagi launþega og vinnuveitenda frá í febrúar það ár.

Verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp, sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Munu nú langflestir þeir lífeyrissjóðir, sem ekki er beinlínis skylt að láta lífeyrisfjárhæðir fylgja breytingum á launum eða kaup-töxtum, greiða uppþætur í samræmi við nefnt samkomulag með þeim breytingum, sem síðan hafa verið á því gerðar.

Í tengslum við gerð kjarasamninga og við endurnýjun lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins í júní 1977 gaf ríkisstjórnin meðal annars fyrirheit um, að samdar skyldu tillögur, sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ákveða félögum í stéttarfélögum, fram til þess að nýskipan lífeyriskerfis tæki gildi. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var undirbúið frumvarp til laga um eftirlaun til aldraðra, sem síðar varð að lögum nr. 97/1979.

Efni laganna nr. 97/1979.

Sem fyrr segir komu þessi lög í stað laganna um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971 með áorðnum breytingum (sbr. lög nr. 33/1976 og nr. 67/1977) en þær vörðuðu fyrst og fremst þá verðtryggingu, sem samkomulag varð um í febrúar 1976. Lögin um eftirlaun til aldraðra skiptast í sex kafla. Í I. kafla eru ákvæði um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru efnislega hin sömu og voru í lögnum nr. 63/1971. Í II. kafla er kveðið á um almenn eftirlaun til aldraðra, þ. e. um réttindi, sem hvorki falla undir I. kafla laganna né II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að undanteknu ákvæði um stéttarfélagsaðild í I. kafla eru þau skilyrði sem menn þurfa að uppfylla til að öðlast eftirlaun samkvæmt lögnum hin sömu í II. kafla og í I. kafla, eða sem hér segir:

- a. Að vera fæddir árið 1914 eða fyrr.
- b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður sem náð hefur 75 ára aldri á þó rétt til eftirlauna án tillits til hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- c. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi; til réttindatíma telst sá tími frá og með árinu 1955 og eftir 55 ára aldur, sem hlutadeigandi hefur haft atvinnutekjur að því lágmarki sem lögin ákveða.

Með ákvæðum II. kafla voru þeim mönnum, sem ekki hafa verið félagar í stéttarfélögum sem talin eru til verkalýðsfélaga í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar, tryggt nokkurn veginn sömu réttindi og félögum í stéttarfélögum, og eftirlaunarétturinn þannig gerður almennur. Í III. kafla eru svo ýmis sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, tengsl milli I. og II. kafla laganna og II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda svo og um framkvæmd. Í IV. kafla laganna eru ákvæði um uppbót á lífeyri, þ. e. þá verðtryggingu lífeyris, sem fyrst var ákveðin með lífeyrissamkomulagi aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1976. Nær verðtryggingin jafnt til lífeyris samkvæmt I. og II. kafla laganna. Í V. kafla eru fjárhagsákvæði, sem hér verður fjallað sérstaklega um, og loks eru gildistökuákvæði í VI. kafla.

Í tengslum við gerð kjarasamninga í árslok 1980 var samið um sérstök viðbótarréttindi til handa eftirlaunabegum samkvæmt I. kafla og var efni þess samkomulags fellt inn í lögin sem 26. gr. með lögum nr. 52/1981. Í þessu felst, að frá og með desember 1980 skulu réttthafar samkvæmt I. kafla fá viðbót sem nemur þremur stigum umfram þau réttindi, sem lögin veita þeim að öðru leyti. Viðbótin tekur bæði til grunnlífeyris samkvæmt I. kafla og uppbótar og er kostnaður borinn af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Fjárhagsákvæði.

Fjárhagsákvæði laganna eru nokkuð margbrotin, en kostnaður af eftirlaunum skiptist þannig:

1. Grunnlífeyrir, þ. e. eftirlaun án uppbótar, samkvæmt I. kafla greiðist að 3/4 af Atvinnuleysistryggingasjóði og 1/4 af ríkissjóði.
2. Uppbót á grunnlífeyri samkvæmt I. kafla greiðist að hluta af sameiginlegu framlagi þeirra lífeyrissjóða, sem eru aðilar að samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál frá 1976 og síðar, en að hluta af hverjum lífeyrissjóði fyrir sig. Framlagið nemur 5% af iðgjaldatekjum sjóðanna, sem í hlut eiga, en það sem á vantar að hið sameiginlega framlag hrökkvi til greiðslu uppbótarinnar, greiðir hver sjóður vegna sinna félaga.
3. Eftirlaun samkvæmt II. kafla laganna að uppbót meðtalinni, svo og uppbót samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda greiðist sem hér segir:
 - a. Allir lífeyrissjóðir, sem standa utan lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins, leggja fram í þessu skyni 5% af iðgjaldatekjum sínum.
 - b. Af því sem á vantar að framlag lífeyrissjóðanna hrökkvi til greiðir ríkissjóður 40%, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður 30% hvor.
4. Kostnaður af greiðslu þriggja stiga viðbótarréttinda við eftirlaun samkvæmt I. kafla greiðist af Atvinnuleysistryggingasjóði, eins og fyrr segir.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu útgjalda samkvæmt lögnum fyrir árið 1983 og áætlun 1984:

	1983	Áætlun 1984
	Millj. kr.	Millj. kr.
1. Grunnlífeyrir skv. I. kafla	40,6	63,2
þ. a. Atvinnuleysistryggingasjóður	(30,4)	(47,4)
þ. a. ríkissjóður	(10,2)	(15,8)
2. Uppbót á grunnlífeyri skv. I. kafla	88,2	90,9
þ. a. greitt með sameiginlegu framlagi	(52,6)	(54,5)
þ. a. greitt beint af lífeyrissjóðum	(35,6)	(36,4)
3. Viðbótarréttindi, 3 stig við réttindi skv. I. kafla, greidd af Atvinnuleysistryggingasjóði	28,3	34,0
1.-3. Alls	157,0	188,0
4. Eftirlaun með uppbót skv. II. kafla	28,1	33,0
5. Uppbót skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda	23,4	20,2
4.-5. Alls	51,5	53,2
þ. a. greitt með framlagi lífeyrissjóða	(27,8)	(33,6)
þ. a. ríkissjóður	(9,5)	(7,8)
þ. a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	(7,1)	(5,9)
þ. a. Atvinnuleysistryggingasjóður	(7,1)	(5,9)
1.-5. Alls	208,6	241,3

Fjöldi lífeyrisþega.

Í september 1984 fengu 3.972 einstaklingar ellilífeyri samkvæmt I. kafla laganna, 26 fengu örorkulífeyri og 1.067 makalífeyri. Samkvæmt II. kafla fengu 949 manns ellilífeyri, enginn örorkulífeyri en 197 makalífeyri. Um 100 manns fá lífeyri bæði samkvæmt I. og II. kafla og samtals er því fjöldi lífeyrisþega, sem nýtur eftirlauna samkv. lögnum, um 6.100. Að auki njóta 1.450 manns lífeyris samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að meðtöldum mökum má ætla að um 10.000 manns njóti með beinum eða óbeinum hætti þess lífeyris, sem hér um ræðir.

Afleiðingar þess að lögini falla úr gildi.

Lögnum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971 var upphaflega ætlað að gilda til ársloka 1984. Var þá við það miðað að í árslok 1984 væru liðin 15 ár frá því samið var um stofnun lífeyrissjóða verkalyðsfélaganna og hefðu þeir að þeim tíma liðnum fengið bolmagn til að taka sjálfir á sig greiðslur þessar, jafnframt því sem þá hefðu allir þeir, sem lögini gerðu ráð fyrir að öðluðust eftirlaunarétt, náð 70 ára aldri. Í lögnum nr. 97/1979 er einnig kveðið á um að eftirlaunagreiðslur falli niður eigi síðar en 1. janúar 1985. Ákvæði um greiðslu uppbótar á lífeyri náðu upphaflega til árána 1980—1982, en voru síðar framlengd til ársloka 1984. Auk þeirra sjónarmiða sem ríktu upphaflega við setningu laga nr. 63/1971 var þá meðal annars haft í huga að þá stóð yfir heildarendurskoðun á málefnum lífeyrissjóða, sem e. t. v. yrði lokið innan þess tíma og kynni að fela í sér breytingar eða annað fyrirkomulag þessara mála.

Ekki er unnt að segja nákvæmlega fyrir um hvaða afleiðingar það hefur ef lögini verða látin ganga úr gildi í árslok 1984 án frekari ráðstafana af hálfu löggjafans, en eftirfarandi má nefna:

1. Eftirlaun til félaga í stéttarfélögum samkvæmt I. kafla hljóta í flestum tilvikum að leggjast á þá lífeyrissjóði, sem hlut eiga að máli. Í reglugerðum mjög margra þessara sjóða eru ákvæði um að greiðslum skuli haldið áfram, þegar lögini falla úr gildi, og aðrir sjóðir munu væntanlega telja rétt að gera það með skírskotun til samkomulagsins 1969. Hins vegar má búast við, að nokkur hópur lífeyrisþega skv. I. kafla yrði utanveltu og óvissa gæti orðið um réttindi manna, sem uppfylla skilyrði laganna fyrir rétti til lífeyris að öðru leyti en því, að þeir hafa ekki enn látið af störfum. Greiðsla uppbótar á grunnlífeyri þeirra manna, sem sjóðirnir tækju við, færi væntanlega eftir sömu reglum og uppbótargreiðslur til annarra lífeyrisþega hlutaðeigandi sjóða og gæti orðið nokkuð

mismunandi eftir sjóðum. Á hinn bóginn má ætla, að lífeyrissjóðirnir teldu sér yfirleitt óskilytt að taka á sig þau þriggja stiga viðbótarréttindi, sem kostuð hafa verið af Atvinnuleysistryggingasjóði, og féllu þau þá alveg niður.

2. Eftirlaun samkvæmt II. kafla falla alveg niður.
3. Kostnaður af greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bændanna falla á sjóðinn sjálfan eða falla niður ef sjóðurinn verður ekki talinn hafa bolmagn til að standa undir þeim greiðslum.

Vegna margs konar breytinga, sem gerðar hafa verið á þeirri löggjöf, sem hér um ræðir, verður greiðslubyrði lífeyrissjóða við yfirtöku eftirlaunagreiðslnanna mun meiri en ráð var fyrir gert árið 1969 og jafnframt dreifist hún mjög ójafnt á sjóðina. Þyngst verður hún hjá lífeyrissjóðum almennra verkamanna og iðnverkfólks og hjá Lífeyrissjóði bændanna, en skiptir hins vegar litlu máli fyrir sjóði, sem taka til manna í nýjum eða ört vaxandi starfsgreinum. Að nokkru leyti stafar þessi misskipting af því, að margir enda starfsævi sína í lífeyrissjóðum ófaglærðs verkafólks, þótt þeir hafi fyrrum stundað störf, sem veita nú aðild að öðrum sjóðum.

Tillögur um fyrirkomulag frá 1. janúar 1985.

Ljóst er, að stórlækkun lífeyrisgreiðslna og uppbótar samkvæmt I. kafla og niðurfelling greiðslna samkvæmt II. kafla er ekki viðunandi. Telja verður að greiðslur samkvæmt I. kafla og uppbót á þann lífeyri yrðu þá, eins og til málanna er stofnað, á ábyrgð viðkomandi lífeyrissjóða, en eftirlaun samkvæmt II. kafla yrðu væntanlega að teljast viðfangsefni hins opinbera.

Við athugun og umræður um mál þetta hefur komið í ljós, að viðhorf þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, eru mjög mismunandi. Meðal annars hefur verið hreyft hugmyndum um að löggin verði framlengd en um leið vikkuð út, þannig að þau tækju til yngri manna en þeirra, sem fæddir eru 1914 og fyrr og allur kostnaður af lögnum látinn falla á ríkissjóð frá 1. janúar 1985. Þá hafa sumir af þeim lífeyrissjóðum, sem lagt hafa fram fé til lífeyris samkvæmt II. kafla verið andsnúnir þeim framlögum og komið hafa fram kröfur um að kostnaðarhlutdeild sjóðanna yrði afnumin. Jafnframt er óvíst, hvort allir þeir lífeyrissjóðir, sem eru aðilar að lífeyrissamkomulaginu sem er undirstaða greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt I. kafla, eru reiðubúnir til áframhaldandi framlaga til hins sameiginlega sjóðs, sem stendur undir miklum hluta af þessum greiðslum.

Við þessar aðstæður eru eftirfarandi tillögur gerðar um fyrirkomulag þessara mála frá 1. janúar 1985:

- a) að gildistími laganna nr. 97/1979 verði framlengdur um 5 ár til ársloka 1989,
- b) að skilyrði til töku eftirlauna verði óbreytt frá því sem nú er,
- c) að kostnaður verði borinn af sömu aðilum og nú,
- d) að framlag lífeyrissjóða til greiðslu uppbótar á lífeyri skv. I. kafla og til greiðslu lífeyris skv. II. kafla lækki úr 5% í 4% 1985 og í 3% 1986—1989,
- e) að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun eins og þau eru samkvæmt kauptaxta í byrjun hvers mánaðar en samkvæmt gildandi lögum geta lífeyrisgreiðslur aðeins breyst fjórum sinnum á ári, þ. e. þá daga, sem verðbótahækkun launa tók áður gildi.

Loks eru í frumvarpinu gerðar tillögur um nokkrar minni háttar breytingar, einkum um tilvísanir í lög, sem breytt hefur verið frá því lögum nr. 97/1979 voru samþykkt.

Ástæðan fyrir tillögu um 5 ára framlengingu er sú, að enda þótt eftirlaunaþegar samkvæmt lögnum hafi allir náð lágmarksaldri til töku lífeyris á árinu 1984, fá þeir því aðeins notið réttar síns að þeir hafi látið af starfi, en þeir hefja í síðasta lagi töku lífeyris er 75 ára aldri er náð árið 1989. Með framlengingu um 5 ár er því komið í veg fyrir óvissu um réttindi slíkra manna. Talið er, að fjöldi eftirlaunaþega samkvæmt lögnum verði í hámarki árin 1984 og 1985, en síðan fækki þeim þar sem þá falli frá á ári hverju stærri hópur en sá sem við bætist. Eftir árið 1989 verða allir eftirlaunaþegar, sem réttindi geta eignast samkvæmt lögnum, farnir að taka eftirlaun, og því mun lífeyrisþegahópurinn minnka ört eftir það.

Lífeyrissjóðum verður þá mun minni vandi á höndum en nú er að taka við kostnaði af greiðslu þeirra eftirlauna sem á þá falla, þ. e. samkvæmt I. kafla laganna.

Athugun og framreikningur á kostnaði við greiðslu uppbótar samkvæmt I. kafla laganna sýnir, að hlutfall uppbótar af heildarlífeyri hefur lækkað að mun á árinu 1984 og mun fara lökkandi áfram ef verðlag og kauplag hækkar ekki ört á ný. Árið 1983 voru uppbótargreiðslur um 56% af heildargreiðslum en eru taldar verða um 48% á árinu 1984. Sé miðað við, að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóða til uppbótargreiðslna skv. I. kafla haldist svipað og verið hefur í hlutfalli við heildargreiðslur uppbótar, virðist óhætt að leggja til að framlagið lækki í 4% árið 1985 og í 3% 1986 og síðar.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun eins og þau voru hinn 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember. Þessar dagsetningar voru miðaðar við þá daga, sem verðbótahækkun launa tók áður gildi, samkvæmt lögum og kjarasamningum. Forsendur fyrir þessum dagsetningum eru ekki lengur fyrir hendi og því er lagt til að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun í byrjun hvers mánaðar. Í þessu felst, að lífeyrisgreiðslur geta breyst sem næst jafnskjótt og laun breytast í stað þess að geta breyst fjórum sinnum á ári eins og nú er. Þetta hefur í för með sér, að komið er í veg fyrir tafir í breytingum lífeyrisgreiðslna til samræmis við þær launabreytingar, sem um kann að vera samið, og færir lífeyrisþegum því nokkra kjarabót.

Erfitt er að ætla á um fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð af þeim tillögum, sem gerðar eru með frumvarpi þessu. Ýmis atriði má þó nefna í þessu sambandi. Í fyrsta lagi þarf vart að nefna, að falli lögin úr gildi fellur niður kostnaður ríkissjóðs af lífeyrisgreiðslum samkvæmt þeim, alls um 24 millj. kr. samkvæmt áætlun fyrir árið 1984 en kostnaðarhluti Atvinnuleysisstryggingasjóðs, sem félli niður, er 53 millj. kr. 1984 og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 6 millj. kr. Á hitt má benda, að á móti myndu útgjöld ríkissjóðs til greiðslu tekjutryggingar og annarra tengdra bóta lífeyristrygginga vafalaust aukast. Í öðru lagi má nefna, að verði lögin framlengd fer kostnaðarskiptingin mjög eftir launabreytingum næstu árin. Þeim mun minna sem laun hækka að krónutölu þeim mun þyngri verður kostnaður ríkissjóðs og Atvinnuleysisstryggingasjóðs af lífeyri skv. I. kafla laganna, en kostnaður af lífeyri skv. II. kafla lækkar. Hið gagnstæða á sér stað verði um miklar launabreytingar í krónum að ræða á næstunni. Loks má nefna, að lækkun á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla laganna og uppbótar á hann hefur í för með sér kostnaðarauka fyrir þá aðila, sem greiða það sem á vantar að framlag lífeyrissjóða nægi til þessara útgjalda, þ. e. fyrir ríkissjóð, Atvinnuleysisstryggingasjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til dæmis um áhrif þessa má nefna, að hefði framlagið 1984 verið 3% í stað núgildandi 5% af iðgjaldatekjum sjóðanna, hefði það aukið útgjöld ríkissjóðs um 5,4 millj. kr. og Atvinnuleysisstryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs um 4 millj. kr. á hvorn sjóð, miðað við þá áætlun um greiðslur og kostnaðarskiptingu, sem hér hefur verið sett fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum eru þau grundvallarlaun, sem eftirlaunaréttur miðast við, árslaun fyrir dagvinnu samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar. Vegna breytinga á kauptaxtaheitum hefur í reynd jafnan verið miðað við þann taxta, sem á hverjum tíma hefur gilt fyrir þorra þeirra starfa, sem féllu undir 2. taxta árið 1979, nú síðast 8. taxta. Nýgerðir kjarasamningar ASÍ og vinnuveitenda valda því, að óheppilegt þykir að miða grundvallarlaun áfram við ákveðinn kauptaxta. Þetta stafar bæði af þeim sérstöku breytingum, sem gerðar eru með samningunum á lægri töxtum Verkamannasambandsins og tengjast sérstökum samningum um breytingu á vægi bónusgreiðslna, og því að verulegur hluti launahækkana á samningstímanum verður með flutningi fólks milli flokka og breytingum starfsaldursákvæða fremur en með hlutfallshækkun kauptaxta.

Því er hér lagt til að í stað viðmiðunar við ákveðinn kauptaxta verði grundvallarlaun ákveðin sem föst krónutala, sem breytist eins og laun verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Er lagt til, að umsjónarnefnd eftirlauna ákvarði breytingar grundvallarlauna að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar. Lagt er til, að grundvallarlaun verði 14 100 kr. miðað við kauplag í janúar 1985. Í þeirri tillögu er gengið út frá grundvallarlaunum, eins og þau voru frá 1. júní 1984, 11 605 kr., með hækkun um 12,9% í 13 102 kr. frá 6. nóvember vegna meðalhækkunar launa í fyrsta áfanga kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda. Þá er bætt við 4,8% vegna launaflokkshækkunar og breytingar á starfsaldursákvæðum 1. janúar 1985 samkvæmt kjarasamningunum og loks 2,5% vegna sérstakrar hækkunar á verkamannalaunum, sem um var samið í febrúar og mars 1984 og ekki hefur enn haft áhrif á grundvallarlaun. Hafa verður í huga, að grundvallarlaun í 6. gr. laganna ráða ekki aðeins lífeyrisgreiðslum til eftirlaunaþega samkvæmt lögum heldur tengjast beinlínis ákvæðum í reglugerðum margra lífeyrissjóða, þeirra á meðal nær allra sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, um ávinning stiga og greiðslu lífeyris. Er sú tillaga, sem hér er gerð, sameiginleg niðurstaða umsjónarnefndar eftirlauna, stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða og lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS.

Um 2.—4. gr.

Á þessu ári voru sett ný lög um Lífeyrissjóð bænda, nr. 50/1984, og komu þau í stað laga nr. 101/1970.

Um 5. gr.

Í grein þessari er kveðið á um 5 ára framlengingu á eftirlaunagreiðslum, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 6. gr.

Auk 5 ára framlengingar á uppbótargreiðslum þeim, sem kveðið er á um í 21. gr. laganna, er hér lagt til, að frá ársbyrjun 1985 miðist lífeyrisfjárhæðir hvers mánaðar við grundvallarlaun, eins og þau eru í byrjun mánaðarins. Undanfarin ár hafa lífeyrisfjárhæðir breyst ársfjórðungslega og á þeim tímum árs, er verðbætur á laun breyttust. Forsendur þeirrar tímasetningar eru nú fallnar brott. Sú mánaðarlega endurskoðun fjárhæða, sem hér er gerð tillaga um, felur í sér nokkra kjarabót fyrir lífeyrisþega, þar sem með þessu er tryggt að lífeyrisþegar njóti umsaminna launahækkana með sem minnstri töf.

Um 7. gr.

Sjá athugasemdir við 6. gr.

Um 8. gr.

Í greininni felst 5 ára framlenging á fjárhags- og uppgjörsákvæðum 24. gr. laganna með þeirri breytingu, að framlag lífeyrissjóða til sameiginlegs sjóðs lækkar úr 5% af iðgjaldatekjum í 4% árið 1985 og í 3% árið 1986, sbr. almennar athugasemdir.

Um 9. gr.

Í greininni felast breytingar hliðstæðar þeim, sem kveðið er á um í 8. gr. Þá er sú orðalagsbreyting gerð á síðasta málslið 2. málsg. 25. gr. laganna, að um vanskil á eftirstöðvum fyrra árs gildi sömu reglur og um vanskil á áætluðum framlögum. Verður orðalag skýrara með þessu móti, en um efnisbreytingu verður vart talið vera að ræða.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.